



Léttir textar
með lesskilningsverkefnum

Myndir:
Af vef Umboðsmanns barna,
Nanna Björnsdóttir teiknaði

Afmæli



Óli á afmæli. Hann er fimm ára. Pabbi og mamma gefa Óla pakka. Anna gefur Óla líka pakka.

Mamma, pabbi, Óli og Anna borða köku. Kakan er góð. Það er líka nammi í skál og kex á disk.

Ég sé 7 blöðrur (ein **blaðra** – margar **blöðrur**).

Peysan hans Óla er blá.

Peysan hennar Önnu er appelsínu-gul.

Pabbi er með svart hár.

Mamma er í bleikum bol.

Tvær blöðrur eru rauðar, tvær blöðrur eru fjólu-bláar, ein blaðra er blá, ein blaðra er gul og ein er appelsínu-gul.

Óli og Anna eru með brúnt hár.


Ég á afmæli _____

Andheiti: Stór / lítill (pakki), stór / lítill (blaðra)

Vetur

Það er vetur. Það er kalt og það er snjór. Aron, Kata, Hildur og Alexander eru úti. Þau búa til snjó-karl. Snjókarlinn er lítill. Hann er hvítur.

Krakkarnir hoppa og hlaupa. Þeir eru glaðir. Það er gaman úti í snjó.



Er rigning? _____ það er _____.
(já – nei) (rigning – snjór)


Það er _____ úti í snjó. Krakkarnir búa til _____.

Trefillinn hennar Kötú (Kata) er rauður. Hún er líka með rauða húfu.

Hver er **minnstur**? (lítill – minni – minnstur) ?

Hildur og Alexander eru með bláar húfur og Aron er í gulri úlpu.

Hvað eru margir krakkar á myndinni? _____.



Ása er lasin

Ása er lasin. Hún er með hita. Hún er með 40 stiga hita.

Ása er á sjúkra – húsi. Hún situr í rúmi. Í rúminu er sæng og koddí.

Mamma passar Ásu. Mamma situr á stól. Hún gefur Ásu vatn að drekka. Það er ekki gaman að vera lasin. Bráðum fer Ása heim til mömmu og pabba. Þá verður Ása glöð.



Það er _____ á veggnum. Á myndinni er _____.

Mamma er í _____ og _____.

Andheiti: Sítt /stutt (hár).


Mamma er með _____ en Ása er með _____.

Glaður (hann) – glöð (hún)

Palli er _____ og Ása er _____.

Í sveitinni

Sara á heima í sveit. Það er gaman í sveit. Það eru dýr í sveitinni. Sara er úti. Hún á kind og lamb. Lambið er lítið. Kindin er stór. Það er sumar og það er sól. Öndin er að synda á tjörn. Öndin á unga. Unginn er lítill.



Það eru _____ gluggar á bænum.
(þrír – fimm – fjórir)

Öndin er að :

sofa labba hlaupa synda hoppa

Sara er í :

úlpu kjól bol þeystu


Það er:

vor sumar haust vetur

Hann – hún – það:

Ungi _____ önd _____ kind _____ lamb _____


Sand-kassinn



Valur og Haukur leika sér í sand-kassa. Þá kemur María. María er með dúkku og hún er í stígvélum. Hún fer úr stígvélunum og er berfætt í sandinum. Vala er með skóflu og fötu. Hún mokaar sandi í fötu. Valur er með bíl og Haukur byggir kastala.



hús



kirkja



kastali

Tómas er úti



Tómas er úti. Hann er í stutt-buxum. Hann sér sjó og hann sér fjöll. Það eru ský á himni. Tómas sér líka tvo fugla. Sjórinn er blár og stutt-buxurnar hans Tómasar eru grænar.

Tómas er með:

- trefil vettlinga húfu

Hvað er **ekki** á myndinni?

- fjall fugl ský kisa lamb skór

Hvað **passar ekki** í línuna?

- hundur kisa mús tölva fugl hestur